Skólaráð Smáraskóla

Fyrsti fundur skólaráðs skólaárið 2019-2020 haldinn í skólanum þriðjudaginn 3.okt 2019 kl. 08:10-09:10.

Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Hrefna B. Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Berglind Brynjarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Matthías Andri Hrafnkelsson fulltrúi nemenda (9.b) og Katla Kristinsdóttir fulltrúi nemenda (10.b).

Efni fundar;

- Hlutverk skólaráðs
- Starfsáætlun skólaráðs
- Skólabyrjun
- Ytra mat á skólastarfinu
- Önnur mál.

1. Hlutverk skólaráðs
    - Börkur kynnt reglugerð um skólaráð og handbók um skólaráð sem hafði verið send fulltrúum í tölvupósti fyrir fund. Skólaráð er samráðsvettvangur skólasamfélagsins um skólahaldið. Hlutverk skólaráðs er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra fulltrúa skólasamfélagsins eiga að heyrast. Hlutverk skólaráðs á þessu skólaári er einnig að vera samráðsvettvangur vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við skólann.
2. Starfsáætlun skólaráðs
    - Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið yfirfarin og staðfest. Sjö fundir áætlaðir yfir skólaárið. Dagskrá sett fram með fyrirvara.

Fundur	Verkefni:
3. okt.	- Starfsáætlun og starfshættir skólaráðs - Skólabyrjun - Ytra mat á skólastarfinu - Önnur mál.
7. nóv.	- Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa. - Nemendafjölgun og viðbygging. Staðan. - Önnur mál.
5. des.	- Sameiginlegur fundur nemendaráðs og skólaráðs
6. feb.	- Rekstur og fjármál. - Uppgjör vetrarins - Önnur mál.
mars	- Opinn fundur skólaráðs
21. apríl	- Skóladagatal 2020 - 2021 - Önnur mál.
14. maí	- Undirbúningur fyrir næsta skólaár. - Uppgjör vetrarins - Önnur mál.

3. Skólabyrjun
    - Teymiskennsla. Hver árgangur í 1.-7.bekk er hugsaður sem ein heild þar sem kennarar eiga náið samstarf um skipulag kennslu í hverjum hópi fyrir sig.
    - Breyttur upphafstími skóladags. Frá og með hausti hefst kennsla kl. 8:30 með örfáum undantekningum. Almenn ánægja virðist vera með þessa breytingu. Húsnæði er eftir

sem áður opnað kl. 7:50 og hafragrautur er borinn fram kl. 8:05-8:25. Aukning virðist vera frá fyrra ári varðandi aðsókn í hafragrautinn.

- Lengd námslota/kennslustunda miðast við 60 mínútur. Á þessu eru nokkrar undantekningar. Nemendafulltrúar segja almenna ánægju með þetta nema hvað varðar íþróttir sem eru 80 mín.
- Skjálausar frímínútur. Gengur vel frá og með haustinu. Nemendaráð ætlar að taka umræðu með nemendum um fleiri hugmyndir að afþreyingu og foreldrafélagið hefur hug á að styðja við þær.
- Umferð og öryggi við skólann. Skólastjórnendur hafa verið í samráði við deildarstjóra gatnadeildar hvað varðar umferðarhraða, akstursstefnu og að loka lóðinni betur fyrir umferð. Umræða um að nota gamla strætóstoppistöð við austurenda skólans og búa til sleppistæði. Öryggismyndavélakerfi var sett upp í sumar hringinn í kringum skólann sem og inni við innganga. Enn vantar merkingar varðandi upptökurnar og upplýsingar um hvaða reglur gilda um notkunina. Þetta þarf að gera sem fyrst. Því velt upp hvort starfsmenn eigi að vera auðkenndir innanhúss þannig að nemendur geti greint á milli starfsmanna og gesta.
- Lausar kennslustofur. Tvær nýjar stofur settar upp í haust. Ákaflega góð kennslurými. Staðsetning þeirra fjær skólanum er til að þær séu ekki fyrir núverandi byggingarreit.
- Ytra mat á skólastarfinu.
- Kristín kynnti ytra mat sem verður í skólanum vikuna 7.-11.október. Tveir úttektaraðilar frá Menntamálastofun munu taka út ýmsa þætti skólastarfsins samkvæmt fyrirfram ákveðnum matslistum og fara m.a. í vettvangsheimsóknir í kennslustundir, ræða við rýnihópa nemenda, foreldra, kennara og starfsmanna og afla ýmissa annarra gagna um skólastarfið.

4. Önnur mál
    - Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra hvort eitthvað hafi borði á vespunotkun á skólatíma. Það hefur ekki verið en sést á kvöldin eða utan skólatíma.
    - Spurning hvort starfsmenn Frístundar hafi notað síma úti við til að sýna börnum myndbönd. Þessu verður komið til forstöðumanns Frístundar.
    - Ánægja meðal foreldra um að leyst hafi verið farsællega úr öngþveiti við mætingu yngri barna sem skapaðist við upphaf skólaárs.
    - Spurning frá nemanda hvort salernisaðstaða nemenda verði endurnýjuð. Það verður ekki en þó hægt að skoða einhverjar úrbætur.
    - Minnt á að í næstu viku er íbúafundur hjá Kópavogsbæ, fínt ef við gætum komið okkur saman um mál sem foreldrafélagið gæti keyrt áfram.